

Nd. 1051. Framhaldsnefndarálit [74. mál]
um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Eins og fram kemur á þskj. 494 hefur nefndin áður skilað álit um þetta mál og mælt með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Við síðari athugun málsins, og á grundvelli umsagnar frá ríkisskattstjóra, kom í ljós að einungis var samstaða um að mæla með fyrri málsgr. 1. gr., en á hinn bóginn fóru fram ítarlegar athuganir á námskostnaðarfrádrætti í tilefni af ákvæðum síðari málsgreinar 1. gr. Að endingu varð nefndin ásátt um að afgreiða málið með svofelldri bókun:

„Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu að síðari hluti 1. gr. falli niður. Nefndarmenn telja eðlilegt að námskostnaðarfrádráttur verði athugaður, ekki síðar en á næsta þingi.“

Í samræmi við þessi sjónarmið flytur nefndin breytingartillögu á sérstöku þskj. og mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu er þar greinir.

Alþingi, 29. maí 1985.

Páll Pétursson,
form.
Svavar Gestsson.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.
Þorsteinn Pálsson.
Halldór Blöndal.

Kjartan Jóhannsson,
frsm.
Friðrik Sophusson.